

3. gr.

Við 2. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málslíður er verður síðari málslíður þeirrar málsgreinar og hljóðar svo: Stjórnvaldi er skylt að láta nefndinni í té afrit af þeim gögnum er kæra lýtur að.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og hljóðar svo:

Úrskurður samkvæmt lögum þessum um aðgang að gögnum eða afrit af þeim er aðfararhæfur, nema réttaráhrifum hans hafi verið frestað.

- b. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Birting og aðfararhæfi úrskurðar.*

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Lokamálsliður fellur brott.

- b. Við bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Skal frestun á réttaráhrifum bundin því skilyrði að stjórnvald beri málið undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa úrskurðar og óski eftir að það hljóti flýtimeðferð. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal þá mál höfðað innan sjö daga frá því að beiðni um það er synjað.

Breyting á stjórnslögum, nr. 37/1993.

6. gr.

Orðin „þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa í vegi fyrir aðgangi að gögnunum“ í 17. gr. laganna falla brott.

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 1. gr. laganna ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2001.

Gjört á Bessastöðum, 23. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG**um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Breyting á lögum um laun forseta Íslands, nr. 10/1990.**

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Orðin „og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum“ í 1. mgr. falla brott.
- b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Við lög in bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Forsætisráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög þessi og önnur lög sem kunna að hafa áhrif á kjör forseta Íslands. Meðal annars skal nefndin fjalla um hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi á ákvörðun launa forseta Íslands þannig að annar aðili en Kjara-dómur úrskurði um þau. Störf nefndarinnar skulu miðast við að nýtt fyrirkomulag geti eftir því sem við á tekið gildi eigi síðar en að loknu kjörtímabilinu 2000–2004, þ.e. 1. ágúst 2004.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
nr. 75/1981, með síðari breytingum.**

3. gr.

1. tölul. 4. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

6. tölul. 28. gr. laganna orðast svo: Hlunnindi forseta Íslands vegna embættisbústaðar og rekstrar hans, risnu og bifreiða eða önnur hlunnindi sem embættinu fylgja.

III. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

5. gr.

1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum.

6. gr.

1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

**Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur,
nr. 94/1996, með síðari breytingum.**

7. gr.

Orðin „Forseti Íslands og maki hans“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

VI. KAFLI

Gildistaka.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2000.

Gjört á Bessastöðum, 23. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.